

Þórarinn Þórarinsson
Flyðrugrandi
Reykjavík

Reykjavík, 22. júlí 2021
UST202106-056/I.M.B.
09.05.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmdar í Skipholtsskrók vegna kvikmyndagerðar

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Þórarins Þórarinssonar, Giancarlo Gianazza o.fl., dagsett 3. júní 2021, um leyfi til rannsókna vegna kvikmyndatöku í Skipholtsskrók innan Kerlingarfjalla 15.-21. ágúst 2021.

Kerlingarfjöll eru friðlýst sem landslagsverndarsvæði sbr. auglýsing nr. 822/2020. Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Minjastofnunar Íslands eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Allt rask á jarðminjum er óheimilt innan verndarsvæðisins, nema með sérstöku leyfi. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að grafa rannsóknarholu sem er 3x3m að stærð og allt að 4m djúp í gróinni brekku í Skipholtsskróki til að kanna jarðrask og öskulög. Yfirborðshnausar verð stungnir með stunguspaða og lagðir niður í sama mynstri að verki loknu. Notast verður við traktorsgröfu til að grafa holuna. Grafan þarf að aka af veginum við Skipholtsskrók í gróna brekku til að vinna verkið. Markmið verkefnisins er fylgja vísbendingum í Divina Comedia, ítölskum málverkum og útreikningum Giancarlo Gianazza um að musterisriddarar hafi komið með verðmæti til Íslands frá Suður-Frakklandi í byrjun 13. aldar. Vísbendingarnar vísa á Skipholtsskrók á Kili. Ekki er gert ráð fyrir sýnatöku á svæðinu nema eitthvað sérstakt komi fram. Gerð verður heimildarmynd um rannsóknirnar. Myndir af staðsetningu svæðisins fylgdi með umsókninni. Níu til tíu manns munu koma að verkefninu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki til þess fallið að hafa óafturkræf neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svo fremi sem skilyrðum leyfisveitingar er fylgt í hvívetna og þá sérstaklega varðandi frágang svæðis. Kerlingarfjöll eru friðlýst sem landslagsverndarsvæði, m.a. vegna óraskaðra víðerna sem sífellt verða sjaldgæfari á heimsvísu. Í verkefninu verður grafinn rannsóknarskurður, allt að 4 metra djúpur, í gróinni brekku. Verkefninu fylgir því

nokkuð rask. Áhrifin eru hinsvegar afturkræf þar sem umsækjandi mun ganga frá yfirborði þannig að sýnilegt rask sé í lágmarki. Gæta þarf þess að frágangur sé slíkur að ummerki rasks hverfi og ekki sé hætt á að rof myndist í kringum rannsóknarsvæðið í kjölfar verkefnisins. Umsækjandi skal tryggja að frágangur rannsóknarskurðs og vinnusvæðis sé með slíku móti að ekki sé hætt á að rof verði eftir að vinnu ljúki, hvort sem er vindrof eða vatnsrof (t.d. skurðir og för eftir gröfu eða rannsóknarskurð). Einnig skal afmá för eftir vinnutæki ef þau verða til staðar utan vegslóða. Eftirlit verður haft með frágangi að verkefni loknu.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun veitir Þórarni Þórarinssyni, Giancarlo Gianazza o.fl., fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknum í Skipholtskróki innan landslagsverndarsvæðis Kerlingarfjalla 15.-21. ágúst 2021, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Varðveita skal þann gróður sem fjarlægja þarf og leggja hann aftur að verki loknu.
- Það efni sem grafið er upp úr holunni skal lagt á svæði sem er lítt eða ógróið.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir verkefninu innan hins friðlýsta svæðis.
- Ef taka á sýni þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um það sérstaklega. Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Leyfi gæti þurft frá Minjastofnun Íslands fyrir verkefninu.

Leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands þarf ef flytja á sýni úr landi.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingafyllst,

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur

Sigríður Skaftadóttir
lögfræðingur